

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta.“

D ó m s o r ð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi í 3 ár.

Ákærði greiði Elíasi Klein 300.000 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Miðvikudaginn 7. október 1987.

Nr. 16/1987. **Ákæruvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Gunnlaugi Rafni Traustasyni og

(Tómas Gunnarsson hrl.)

Jóhanni Frimanni Traustasyni

(Jón Oddsson hrl.)

Tékkamisferli. Fjársvik. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu 13. október 1986. Hafði ákærði Gunnlaugur Rafn Traustason óskað áfrýjunar en ríkissaksóknari áfrýjaði að svo búnu að því er báða hina ákærðu varðar og krafðist sakfellingar að fullu og þyngingar á refsingu þeirra. Einnig er krafist staðfestingar ákvæða héraðsdóms um skaðabætur.

Hlutfélagið Spark í Reykjavík rak á sínum tíma tískuverslunina Airport. Stjórnarformaður félagsins var ákærði Gunnlaugur Rafn, en ákærði Jóhann Frimann var meðstjórnandi og framkvæmda-

stjóri. Um mitt sumar 1983 samdi félagið við annan aðila um lán. Þessi aðili fékk hjá Gunnlaugi Rafni víxla og að auki tékka til tryggingar. Tékkarnir voru þannig til komnir, að á eyðublöð ritaði ákærði Jóhann Frimann sem útgefandi „pr. pr. Spark h/f“. Ákærði Gunnlaugur Rafn ritaði útgáfudag á 3 af eyðublöðunum (26., 27. og 29. september 1983) og á öll eyðublöðin fjögur ritaði hann fjárhæð, 90.897,00 krónur á hvert þeirra. Einnig skrifaði hann reikningsnúmer á þau öll. Versluninni Airport var lokað um miðjan september og 19. s.m. var lokað reikningi þeim, sem tékkarnir voru gefnir út á. Lánveitandanum tókst engu að síður að fá 28. september greiðslu gegn framvísun tékkanna í banka. Gegn framvísun skjals þess, sem ekki var dagsett, fékk hann einnig greiðslu, eins og þar væri um tékka að ræða. Vegna lokunar reikningsins kom ekki til skuldfærslu í greiðslubankanum.

Eitt þeirra fjögurra skjala, sem lýst var, uppfyllti ekki skilyrðin í 1. gr. tékkalaga nr. 94/1933 til að hafa tékkagildi eftir 2. gr. laganna, þar sem á það vantar útgáfudag. Verður því ekki dæmd refsing eftir 73. gr. tékkalaga fyrir útgáfu þessa skjals. Eftir kröfum ákæruvaldsins ber að dæma ákærðu til refsingar samkvæmt þessari lagagrein fyrir útgáfu 3 tékka, sem sagðir eru gefnir út 26., 27. og 29. september 1983 og hver um sig er að fjárhæð 90.897,00 krónur eða alls 272.691,00 króna.

Með ákæru 16. júlí 1984 voru báðir ákærðu sóttir til sakar fyrir að standa saman að útgáfu 85.000,00 króna tékka 13. september 1983 án nægilegrar innistæðu. Stóðu þeir að útgáfunni með sama hætti og fyrr er lýst. Tékkafjárhæðin var lögð inn á reikning hlutafélags, sem ákærði Gunnlaugur Rafn starfaði við með öðrum mönnum og átti hlut í. Ber að fallast á það sem í héraðsdómi greinir um sakfellingu beggja hinna ákærðu og heimfærslu brotsins til refsíákvæða.

Í málflutningi sínum fyrir Hæstarétti taldi verjandi ákærða Gunnlaugs Rafns svo veigamikla galla vera á meðferð máls þessa, að það ætti að leiða til ómerkingar, þó að hann setti ekki fram kröfu um þau málalok. Rök hans voru þau í fyrsta lagi, að rannsókn hjá rannsóknarlögreglu hafi í þessu máli eins og ella verið fyrir luktum dyrum og ákærðu hafi haft ófullnægjandi aðstöðu til að fylgjast með henni. Í öðru lagi taldi verjandinn það óviðeigandi að

núverandi hæstaréttarritari hefði stjórnað rannsókninni. Í þriðja lagi taldi hann það eiga að leiða til ómerkingar, að dómþing voru ekki sótt fyrir ákærvaldið í héraði og málið ekki sótt, en látið sitja við útgáfu ákæru. Þó að síðasta atriðið varði einkenni á meðferð opinberra mála hér á landi, sem betur mætti fara, getur ekkert af því, sem fram kom af hálfu verjanda ákærða Gunnlaugs Rafns leitt til ómerkingar héraðsdóms í máli þessu.

Refsing ákærða Gunnlaugs Rafns er hæfilega ákveðin refsivist eins og segir í héraðsdómi og að auki 60.000,00 króna sekt, en 30 daga varðhald til vara. Fallast ber á að fullnustu fangelsisvistar skuli frestað eins og segir í hinum áfrýjaða dómi.

Refsing ákærða Jóhanns Frímanns er hæfilega ákveðin 50.000,00 króna sekt en 25 daga varðhald til vara.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að ákvæði héraðsdóms um skaðabætur verði staðfest, en þeirri kröfu mótmæltu verjendur ákærðu. Héraðsdómari hefur dæmt ákærðu til greiðslu bóta með dráttarvöxtum frá tilteknum degi. Hafði Sparisjóður Kópavogs krafist dráttarvaxta frá þessum degi án þess að tilgreina vaxtafót, svo og innheimtukostnaðar. Vextakrafan er ekki svo nákvæm, að unnt sé að taka hana til greina í þessu máli, fyrr en frá birtingardegi laga nr. 25/1987, sem var 14. apríl sl., sbr. 14. gr. laganna. Ber skv. þessu að staðfesta héraðsdóm að því er höfuðstól kröfu sparisjóðsins varðar og taka til greina kröfuna um dráttarvexti frá 14. apríl 1987 til greiðsludags. Hins vegar ber að ómerkja ákvæði héraðsdóms um dráttarvexti frá 13. september 1983 til 14. apríl 1987 og vísa kröfu um þessa vexti frá héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað.

Dæma ber áfrýjendur til að greiða áfrýjunarkostnað málsins eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði Gunnlaugur Rafn Traustason sæti 30 daga fangelsi. Fresta skal fullnustu þeirrar refsingar og hún falla niður að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955. Þá greiði hann 60.000,00 króna sekt í ríkissjóð

og komi 30 daga varðhald í sektarinnar stað, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærði Jóhann Frímann Traustason greiði 50.000,00 króna sekt í ríkissjóð og komi 25 daga varðhald í sektarinnar stað, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá uppsögu dóms þessa.

Ákærðu greiði óskipt Sparisjóði Kópavogs 74.164,44 krónur með dráttarvöxtum frá 14. apríl 1987 til greiðsludags. Ákvæði héraðsdóms um dráttarvexti frá 13. september 1983 til 14. apríl 1987 er ómerkt og kröfunni um vexti þennan tíma vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði Gunnlaugur Rafn greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Tómasar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur. Ákærði Jóhann Frímann greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur. Annan áfrýjunarkostnað greiði ákærði Gunnlaugur Rafn að 2/3 hlutum, en ákærðu báðir óskipt að öðru leyti. Meðal áfrýjunarkostnaðar eru saksóknarlaun í ríkissjóð 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 20. febrúar 1986.

Ár 1986, fimmtudaginn 20. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7, af Jóni Erlendssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 112-113/1986: Ákærvaldið gegn Gunnlaugi Rafni Traustasyni og Jóhanni Frímanni Traustasyni, sem tekið var til dóms 3. þ.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 6. desember 1983 „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Gunnlaugi Rafni Traustasyni framkvæmdastjóra, Gljúfraseli 6, fæddum 12. október 1951 í Reykjavík, og Jóhanni Frímanni Traustasyni verslunarmanni, Fellsmúla 8, fæddum 10. mars 1955 í Reykjavík, báðum í Reykjavík fyrir að hafa í lok júlímánaðar 1983 staðið saman að útgáfu eftirgreindra fjögurra tékka á hlaupareikning verslunarinnar Sparks hf., Reykjavík, við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, nr. 50254, án þess að innistæða væri fullnægjandi á reikningnum,

en ákærði Jóhann Frimann gaf tékkana út f.h. Sparks hf. og ákærði Gunnlaugur Rafn ritaði númer hlaupareiknings, dagsetningu og fjárhæðina kr. 90.897,00 á hvern tékka. Tékkana afhentu ákærðu Jóhanni Jónasi Ingólfsyni, Ingólfsstræti 21 A, Reykjavík, til tryggingar víxilskulda við hann og ritaði hann á tékkana nafn viðtakanda sem Landsbanka Íslands:

- 1) Nr. 140254, dagsettur 26. september 1983.
- 2) Nr. 140255, dagsettur 27. september 1983.
- 3) Nr. 140256, ódagsettur.
- 4) Nr. 140257, dagsettur 29. september 1983.

Telst þetta varða við 73. gr. tékkalaga nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977. Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málið er ennfremur höfðað með öðru ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. júlí 1984, „á hendur ákærðu báðum fyrir fjársvik með því að hafa í september 1983 staðið saman að útgáfu og notkun tékka nr. 140274 á hlaupareikning verslunarinnar Sparks hf., Reykjavík, við Sparisjód Reykjavíkur og nágrennis, nr. 50254, þrátt fyrir að innistæða væri eigi nægjanleg á reikningnum, en ákærði Jóhann Frimann gaf tékkann út f.h. Sparks hf. og ákærði Gunnlaugur Rafn ritaði númer hlaupareikningsins nr. 50254, dagsetninguna 13.9. 1983, fjárhæðina kr. 85.000,00 stilaði hann á Sparisjód Kópavogs, Kópavogi og seldi hann síðan þar og lagði andvirði tékkans inn á reikning fyrirtækis síns, GT-húsgagna við Sparisjód Reykjavíkur og nágrennis, nr. 50345.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara telst brot ákærða Jóhanns Frimanns varða við 73. gr. tékkalaga nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða, Gunnlaugs Rafns Traustasonar, hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1969 22/9 í Reykjavík. Sátt: 2.000 kr. sekt f. brot á 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 22/9 1969.
- 1972 22/8 í Reykjavík. Sátt: 4.000 kr. sekt f. brot gegn 219. gr. hgl. og 26., 37., 49. og 50. gr. umfl.
- 1974 17/9 í Reykjavík. Sátt: 3.000 kr. sekt f. brot á 50. gr. umfl.
- 1978 14/11 í Reykjavík. Sátt: 8.000 kr. sekt f. brot g. 48. gr. umfl.
- 1983 6/4 í Reykjavík. Sátt: 4.000 kr. sekt f. brot á 50. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 2 mán. frá 23/3 1983.

- 1984 26/1 í Reykjavík. Sátt: 8.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.
 1984 7/2 í Reykjavík. Sátt: 4.000 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, Jóhanns Frímanns Traustasonar, hefur hann sætt kærur og refsingum sem hér segir:

- 1981 4/8 í Reykjavík. Sátt: 2.100 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 4 mán. frá 2/2 1981.
 1981 19/8 í Reykjavík. Sátt: 300 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.
 1984 14/11 í Reykjavík. Dómur: 15.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 5/6 1984.

Málsatvik:

Ákæra, útgefin 6. desember 1983.

Upphaf þessa máls var það að mánudaginn 3. október 1983 komu ákærðu til RLR. Kváðust þeir eiga fyrirtækið Spark hf. og verslunina Airport og eiga von á kærur vegna innstæðulausra ávísana. Óskuðu þeir eftir að gefa skýrslu um málið en því var frestað þar sem engin kæra hafði borist RLR.

Landsbanki Íslands kærir síðan og er bréf hans dagsett 4. október 1983 til RLR.

Ákærði Jóhann Frímann Traustason gaf skýrslu hjá RLR þann 11. október 1983. Hann kvaðst hafa gefið tékkana út fyrir hönd Sparks hf. en ekki vita til hvers þeir voru notaðir að öðru leyti en því að bróðir hans, meðákærði, hafi tjáð honum að þeir hafi verið settir til tryggingar einhverjum víxlum. Ákærði staðfesti framburð sinn fyrir dómi við ákærubirtingu 26. janúar 1984.

Ákærði Gunnlaugur Rafn Traustason gaf skýrslu hjá RLR þann 13. október 1983 og var síðan samprófaður við vitnið Jóhann Jónas Ingólfsson þann 21. október 1983 og við bróður sinn, meðákærða, 27. október 1983. Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi þann 13. mars 1984 og er þar bókað:

„Ákærði kveðst hafa ritað á tékkana fjóra, allt sem á framhlið þeirra stendur í handskrifuðu máli, nema nafn útgefanda og viðtakanda á hverjum einstökum tékka. Ákærði sér tékkana og kannast við þá.

Ákærði kveður tékkana hafa verið afhenta Jóhanni Jónasi Ingólfssyni og áttu þeir að vera til tryggingar víxlum. Ákærði segir að viðtakanda hafi verið fullljóst að tékkarnir voru innistæðulausir. Ákærði man ekki hvaða dag þeir voru ritaðir eða afhentir og hann fékk ekki kvittun fyrir afhendingu þeirra. Ákærði segir að á það hafi verið lögð áhersla að Jóhann Jónas Ingólfsson léti tékkana ekki af hendi við aðra en ákærðu sjálfa, nema með samþykki þeirra. Ákærði segir að Jóhann Jónas Ingólfsson hafi lagt á ráðin

um útfyllingu tékkanna, að viðtakandi yrði ekki tilgreindur á þeim. Ákærði segir að tékkarnir hafi verið ritaðir og látnir af hendi um það bil mánuði fyrir tilgreinda útgáfudaga. Fyrirtækinu hafi síðan verið lokað fyrirvaralaust um miðjan september af fólga og eftir það tekið til gjaldþrotaskipta. Þar með hafi verið lokað fyrir leiðir til að afla fjár fyrir tékkunum. Ákærði kveðst síðan hafa látið loka bankareikningnum og þá strax tilkynnt Jóhanni Ingólfssyni það. Ákærði kveðst hafa tilkynnt honum þetta með því að hringja í hann og var þá staddur hjá ákærða Magnús Magnússon og heyrði hann samtalið. Ákærði segir að þetta hafi verið daginn sem tékkareikningnum var lokað eða 19. september. Jóhann Ingólfsson hafi komið til ákærða eftir samtalið og þeir þá rætt þetta nánar. Jóhann Ingólfsson fór þá fram á það að ákærði lánaði sér fé fyrir víxlunum og mun Jóhann Ingólfsson hafa óttast að fé þetta væri sér annars tapað. Ákærði tjáði honum að það væri útilokað að lána honum fé. Ákærði hringdi síðan aftur í Jóhann Ingólfsson um kvöldið. Kom það sama fram í því samtali að Jóhann Ingólfsson lofaði að sýna ekki tékkana en fór á ný fram á að fá lánað fé. Enn fór fram samtalið við Jóhann Ingólfsson seinna og var þá staddur hjá ákærða Helgi Guðmundsson og einnig bróðir ákærða, Páll Geir Traustason, og eru þeir vitni að samtalinu. Ákærði taldi það alltaf á hreinu, að Jóhann Ingólfsson myndi ekki framvísa tékkunum. Næst gerðist það að haft var samband við ákærða úr Landsbankanum. Ákærða varð þá kunnugt að tékkarnir voru komnir í umferð og fór ákærði þá til rannsóknarlögreglunnar og kærði athæfi Jóhanns Ingólfssonar.

Undir ákærða var borin skaðabótakrafa Landsbanka Íslands og kvaðst ákærði algerlega hafna því að greiða hana.“

Vitnið Jóhann Jónas Ingólfsson gaf skýrslu hjá RLR þann 18. október 1983 og var samprófaður við ákærða Gunnlaug Rafn skömmu seinna eins og fyrr er nefnt. Vitnið gaf síðan skýrslu fyrir dóminum 24. maí 1985. Þá er bókað:

„Vitnið er spurt að því hvort ekki hafi verið gerðir einhverjir fyrirvarar þegar honum voru afhentir tékkar þessir. Vitnið kveðst ekki muna lengur til atvika nákvæmlega en vísar til skýrslu sinnar hjá RLR.

Vitnið er spurt að því hver sé staða hans hjá fyrirtæki Jóhann Ingólfsson hf. Hann kveðst vera framkvæmdastjóri og eiga yfir 90% hlutafjár.

Vitninu eru sýndir tékkarnir fjórir.

Vitnið kannast við að þarna er um að ræða tékkana sem hann fékk í hendur. Vitnið er spurt að því hvenær hann hafi fengið tékkana í hendur. Vitnið man ekki hvenær það var en telur að það hafi verið eitthvað fyrr en útgáfudagur þeirra segir til um.

Vitnið er spurt að því hvort það hafi verið mánuði fyrr og kveðst vitnið ekki muna það, þar sem það sé langt um liðið.

Vitnið er spurt um tilurð tékkanna og jafnframt er vitninu lesið úr skýrslu vitnisins hjá RLR frá bls. 10 „eitthvað af víxlum“ ... fram að bls. 11 „ég fór með tékkann og víxlana af skrifstofunni“ Vitnið telur rétt eftir sér haft, eftir að hafa heyrt þennan kafla úr skýrslu sinni, að tékkarnir hafi verið afhentir vitninu sem trygging og um sé að ræða tékkana 4 sem vitninu hafa verið sýndir hér í dómi. Vitnið telur einnig rétt að það hafi verið um mánaðamótin júlí-ágúst 1983 sem vitnið fór á skrifstofu G.T. Húsgagna í Kópavogi og fékk tékkana afhenta þar. Vitnið segir rétt að þeir hafi verið útfylltir að öllu leyti nema því að vitnið bætti inn á þá viðtakanda, Landsbanka Íslands.

Vitnið er spurt að því hvort það hafi vitað til þess að verslun Sparks hf., Airport, hafi verið lokað með fógetavaldi um miðjan september 1983. Vitnið kveðst ekki muna eftir þessu.

Vitnið er spurt að því hvort það hafi átt einhver frekari viðskipti við ákærðu í máli þessu eða fyrirtæki þeirra eftir að vitnið hafði fengið tékkana frá þeim í ágúst. Vitnið hefur nú áður sagt að það muni ekki til atvika og vill í þessu sambandi vitna til skýrslu sinnar hjá RLR þar sem vitnið muni ekki eftir þessu.

Vitnið rámar í það að það kom fram hjá RLR að ákærði Gunnlaugur Rafn átti að hafa hringt til vitnisins og beðið vitnið um að innleysa ekki tékkana og man vitnið að hafa algerlega hafnað því að Gunnlaugur hafi hringt til sín. Vitnið kvaðst hafa einungis sagt satt og rétt frá fyrir RLR. Vitnið er beðið um að reyna að rifja það upp núna hvort ekki geti verið að ákærði Gunnlaugur hafi varað vitnið við að innleysa tékkana. Vitnið kveðst ekki muna nægilega skýrt frá þessum atvikum til þess að hann geti tjáð sig um þau hér og nú. Heldur ekki muna eftir því að nokkur annar en Gunnlaugur hafi varað vitnið við að innleysa tékkana.

Vitnið er spurt að því af hverju vitnið hafi ritað Landsbanki Íslands á tékkana enda þótt víxlarnir hafi verið í Búnaðarbanka Íslands sem greiða átti með þeim. Vitnið vísar um þetta til skýrslu sinnar fyrir RLR.

Aðspurt kveður vitnið að tékkarnir fjórir hafi verið notaðir til greiðslu á víxlunum fjórum.

Aðspurt um hvað hafi orðið af víxlunum fjórum staðfestir vitnið að það sé rétt í skýrslu þess hjá RLR að vitnið hafi fengið þá í hendur hjá Búnaðarbanka Íslands og sent þá í pósti til Sparks h/f. Vitnið var spurt að því hvort hann hafi sótt víxlana í Búnaðarbankann og kveðst vitnið ekki muna það. Vitnið er spurt hvort það geti skýrt það hvers vegna vitnið hafi fengið víxlana í hendur þar sem greiðandi víxlanna er eftir gögnum málsins Spark h/f og kveðst vitnið ekki muna hvernig á því stóð.

Vitnið er spurt að því hvort það muni hvert víxlarnir voru sendir Sparki

h/f og man vitnið það ekki en minnir að rannsóknarlögmaður hafi innt hann eftir þessu á sínum tíma.

Aðspurt segir vitnið að víxlarnir fjórir hafi verið gefnir út af Jóhanni Ingólfssyni h/f.“

Niðurstöður:

Með vísan til þess er hér að framan kemur fram og til sakargagna annarra þykir sannað, að ákærðu hafi framið þann verknað, sem rétt er lýst í ákæru og sem réttilega er færður til refsíákvæða.

Þar sem vera kann að maður sem ekki er ákærður sé solidarískt ábyrgur fyrir skaðabótakröfu Landsbanka Íslands þykir rétt að vísa kröfu bankans frá dómi.

Ákæra, útgefin 16. júlí 1984.

Mál þetta kærði Gestur Jónsson hrl. f.h. Sparisjóðs Kópavogs til RLR með bréfi, dagsettu 18. nóvember 1983. Var þá jafnframt gerð bótakrafa að fjárhæð kr. 74.164,44 auk dráttarvaxta frá 13. sept. 1983 til greiðsludags auk innheimtukostnaðar. Lögmaðurinn setti síðan fram refsikröfu í bréfi sínu, dagsettu 24. nóvember 1983.

Ákærðu gáfu skýrslur hjá RLR 31. janúar 1984 og síðan fyrir dómi 29. mars 1985.

Í skýrslu ákærða Gunnlaugs Rafns fyrir dómi segir:

„Ákærði kveður það rétt að hann hafi ritað allt á tékkann nema undirskrift útgefanda. Ákærði segir að tékkinn hafi verið notaður í Sparisjóði Kópavogs og upphæðin verið lögð inn á reikning G.T. Húsgagna hf. Síðan hafi sama upphæð verið lögð inn á reikning Sparks hf. þrem dögum seinna. Ákærði segir að í Sparisjóðnum hafi verið framvísað tékkum sem ákærði taldi að ekki ættu að innleysast og af þeim sökum hafi reikningurinn orðið negatífur.

Ákærði segir að innleggið þann 16. september 1983, kr. 85.000,00, hafi átt að ná að jafna reikninginn, þannig að tékkinn sem kært er út af greiddist. Þá kveðst ákærði vera að vinna að því að greiða Sparisjóðnum tjónið vegna tékkans.“

Í skýrslu ákærða Jóhanns Frímanns fyrir dómi segist hann kannast við að hafa skrifað undir tékkann sem útgefandi. Það hafi örugglega ekki verið ætlun hans að svíkja út fé með tékkanum.

Niðurstöður:

Með vísan til þess sem hér að framan er rakið og til sakargagna annarra þykir sannað að ákærðu hafi framið þann verknað sem þeir eru ákærðir fyrir. Þykir hann hjá ákærða Gunnlaugi Rafni varða við 248. gr. almennra

hegningarlaga en hjá ákærða Jóhanni Frímanni við 73. gr. tékkalaga nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

Skaðabótakrafa Sparisjóðs Kópavogs, sem lýst var hér að framan verður tekin til greina og ákærðu dæmdir til að greiða hana óskipt nema innheimtukostnaðinn, sem krafist er.

Ákvörðun refsingar:

Með hliðsjón af sakarferli ákærðu þykir refsing þeirra hæfilega ákveðin þannig að ákærði Gunnlaugur Rafn sæti 30 daga fangelsi og greiði enn fremur 36.000 króna sekt í ríkissjóð, en ákærði Jóhann Frímann greiði 18.000 króna sekt í ríkissjóð.

Fresta skal fullnustu fangelsisrefsingar ákærða Gunnlaugs Rafns og hún falla niður að liðnum 3 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Sektirnar skulu greiðast innan 4 vikna frá dómsbirtingu, ella kemur varðhald til vara, hjá ákærða Gunnlaugi Rafni 30 dagar og hjá ákærða Jóhanni Frímanni 15 dagar.

Um skaðabætur var fjallað hér að framan.

Þá verður ákærði Gunnlaugur Rafn dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tómasar Gunnarssonar hdl., kr. 18.000,00 og ákærði Jóhann Frímann til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., kr. 12.000,00. Annan sakarkostnað verða ákærðu dæmdir til að greiða óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði Gunnlaugur Rafn Traustason sæti 30 daga fangelsi, en fresta skal fullnustu þeirrar refsingar og hún niður falla að liðnum 3 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði Gunnlaugur Rafn Traustason greiði enn fremur 36.000 króna sekt í ríkissjóð.

Ákærði Jóhann Frímann Traustason greiði 18.000 króna sekt í ríkissjóð. Sektirnar greiðist innan 4 vikna frá dómsbirtingu og er 30 daga varðhald til vara hjá ákærða Gunnlaugi Rafni og 15 dagar hjá ákærða Jóhanni Frímanni.

Ákærðu greiði óskipt Sparisjóði Kópavogs kr. 74.164,44 auk dráttarvaxta af þeirri upphæð frá 13. september 1983 til greiðsludags eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Ákærði Gunnlaugur Rafn Traustason greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Tómasar Gunnarssonar hdl., kr. 18.000,00.

Ákærði Jóhann Frimann Traustason greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hrl., kr. 12.000,00.

Annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 8. október 1987.

Nr. 235/1984. **Porkell Steinar Ellertsson**

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

gegn

bæjarstjóranum á Akureyri

f.h. bæjarsjóðs

og gagnsök

(Hreinn Pálsson hdl.)

Samningar. Jarðhiti. Fasteignir. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Magnús Þ. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson, settur hæstaréttardómari.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1984. Dómkröfur hans eru þessar:

1. Að honum verði dæmd sýkna af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

2. Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 40.000,00 krónur með 19% ársvöxtum frá 1. janúar 1979 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 2. september 1982, með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til 14. apríl 1987 en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.